

Minnisblað

Viðbrögð forsætisráðuneytisins við umsögnum til efnahags- og viðskiptanefndar vegna 726. máls á 154. löggjafarþingi – frumvarp til laga um rýni á fjárfestingum erlendra aðila vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu

23. apríl 2024

1. Umsögn Samtaka atvinnulífsins, Samtaka iðnaðarins, Samtaka ferðaþjónustunnar, Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, SVÞ - Samtaka verslunar og þjónustu og Samorku ásamt Viðskiptaráði Íslands

a) Almenn

Samtökin telja þær breytingar sem hafa átt sér stað í kjölfar samráðsferlis frá því áform um lagasetninguna komu fyrst fram til bóta. Muni þar mestu um þrengingu gildissviðs og breyttar málsmeðferðarreglur og tímafresti. Samtökin telja þó enn að grundvallarbreytinga sé þörf á frumvarpinu eins og nánar er rakið í umsögninni.

Þess má geta að samtökin hafa tekið þátt í fyrri samráðsferlum vegna málsins (um áformaskjal, frumvarpsdrög o.fl.) og hefur í ríkum mæli verið tekið tillit til athugasemda þeirra og annarra hagaðila við endanlegan frágang frumvarpsins, sbr. 5. kafla í frumvarpsgreinargerð.

Vegna athugasemda samtakanna um að frumvarpið gangi of langt og að það myndi bitna á erlendri fjárfestingu verði það að lögum, áréttar ráðuneytið eftirfarandi:

- Í 6. kafla greinargerðar frumvarpsins er lagt mat á áhrif þess með hefðbundnum hætti, m.a. á erlenda fjárfestingu. Þar er m.a. gerð grein fyrir jákvæðum áhrifum frumvarpsins með tilliti til vísitölu OECD um hömlur á erlendri fjárfestingu. Þá sé ekki fyrir að fara gögnum eða erlendum rannsóknum, t.d. frá OECD, sem sýna fram á að löggjöf um rýni erlendra fjárfestinga hafi neikvæð áhrif á erlenda fjárfestingu í viðkomandi ríkjum á heildina litið. Hafa verður hugfast í því sambandi að einungis reynir á slíka löggjöf í tilvikum sem kunna að varða þjóðaröryggi eða allsherjarreglu.¹
- Þorri OECD- og ESB-ríkja hefur tekið upp löggjöf um fjárfestingarýni og fer fjölgandi í þeim hópi, sbr. m.a. umfjöllun í kafla 2.2.2 í frumvarpsgreinargerð. Lagaákvæði um fjárfestingarýni vegna öryggissjónarmiða geta því nú talist almennar leikreglur innan ESB/OECD á þessu sviði. Ráðuneytið telur að sjálfstæð áhrif þess að Ísland bætist í hópinn verði að skoðast í þessu ljósi. Allt eins gætu áhrifin verið neikvæð af því ef Ísland léti hjá líða að setja slíka löggjöf og skæri sig þannig frá öðrum samanburðarríkjum að því er varðar lagaumhverfi í þessu sambandi.

¹ Ráðuneytið tekur undir það sem segir á bls. 4 í umsögninni: „Það er vissulega svo að erlend fjárfesting er miseftirsóknarverð. Því verður að teljast eðlilegt að stjórnvöld vilji girða fyrir að erlendir aðilar fjárfesti í mikilvægum innviðum hér á landi í annarlegum tilgangi og þannig að þjóðaröryggi sé ógnað. Hér þarf hins vegar að gæta jafnvægis og meðalhófs þannig að meiri hagsmunum sé ekki fórnað fyrir minni.“

- Ráðuneytið bendir á að fjárfestingarýni er þáttur í öryggis- og varnarsamstarfi, enda geta upplýsingar sem aflað er í slíkri rýni hérlendis varðað hagsmuni samstarfsríkja. Setning löggjafar um fjárfestingarýni hefur því jákvæð áhrif hvað varðar slíkt samstarf.
- Efni og framsetning frumvarpsins, þ.m.t. skilgreining viðkvæmra sviða, er sambærileg löggjöf um fjárfestingarýni á öðrum Norðurlöndum. Ráðuneytið er þó meðvitað um að ýmis útfærsluatriði eru ólík milli löggjafar einstakra ríkja, en innan ESB er ekki fyrir að fara beinni lagasamræmingu á þessu sviði. Með öðrum orðum hafa engin tvö ríki nákvæmlega eins rýnilöggjöf eftir því sem best verður séð. Sjá nánar umfjöllun í kafla 2.5 í frumvarpsgreinargerð.
- Töluverðar breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu frá því það var kynnt til samráðs árið 2022, þ.m.t. til þrengingar á gildissviði þess og einföldunar á málsmeðferð, eins og samtökin taka raunar fram í umsögn sinni. Hefur þannig verið tekið ríkt tillit til sjónarmiða hagaðila á öllum stigum málsins.
- Nú þegar gilda ýmis lagaákvæði sem mæla fyrir um að fjárfestingar í atvinnustarfsemi, þ.m.t. erlendar, þurfi að hljóta skoðun og samþykki stjórnvalds vegna tilgreindra almannahagsmuna. Þá er átt við málsmeðferð sem svipar til fjárfestingarýni samkvæmt frumvarpinu en stefnir að ólíkum markmiðum. Má þar t.d. nefna ákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005 um samrunaeftirlit, sem hafa mun víðtækara gildissvið en ákvæði frumvarpsins. Ef samruni er tilkynningarskyldur er slíkur viðskiptasamningur gerður með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins, sem skal taka ákvörðun innan tiltekins frests. Málsmeðferð af þessum meiði er þannig ekki ný af nálinni, almennt séð.

b) Gildissvið

Samtökin telja gildissvið frumvarpsins enn óskýrt, sbr. skilgreiningu 3. gr. á viðkvæmum sviðum. Meðal annars horfa samtökin þar til 1. tölul. ákvæðisins, sem snýr að mikilvægum innviðum, og 6. tölul., sem snýr að mikilvægri tækni (djúptækni). Telja samtökin það of matskennt til hvaða rekstraraðila frumvarpið nái og að fjárfestar muni í flestum tilvikum sjá sig knúna til að tilkynna um viðskipti. Þá orki það tvímælis að ætla ráðherra að afmarka gildissviðið nánar í reglugerð.

Ráðuneytið bendir einkum á eftirfarandi:

- Í greinargerð frumvarpsins er fjallað nánar um sviðin sem tilgreind eru í einstökum töluliðum 3. gr. frumvarpsins. Sú umfjöllun gefur góða mynd af því hvers konar starfsemi, og um leið hvers konar rekstraraðilar, falla undir 3. gr. frumvarpsins. Ljóst er að með 3. gr. er ráðherra ekki falið svo víðtækt svigrúm að gangi gegn stjórnarskránni.
- Reglugerð, um útfærslu viðkvæmu sviðanna í 3. gr., verður sett að undangengnu samráði milli nokkurra ráðuneyta, eins og skyldubundið er í frumvarpinu. Þá yrði við slíka reglugerðarsetningu haft samráð við hagaðila í samráðsgátt, venju samkvæmt.
- Reglugerð skv. 3. gr. frumvarpsins lýtur að nánari *útlitun* viðkvæmu sviðanna. Ráðherra mun því ekki hafa heimild til að „auka við“ sviðin með reglugerð. Mun reglugerð skv. 3. gr. fremur horfa til nánari afmörkunar og þrengingar frekar en hitt. Við

slíka reglugerðarsetningu yrði einnig að gæta meðalhófs með tilliti til markmiða laganna. Sjá til samanburðar, reglugerð nr. 1491/2021, setta með stoð í dönskum lögum um fjárfestingarárni nr. 842/2021, um nánari útlistun viðkvæmra sviða samkvæmt þeim.

- Fyrirgreind tilhögun er sambærileg og í rýnilöggjöf í öðrum Norðurlöndum, t.d. Danmörku og Svíþjóð, þ.e. að viðkvæmu sviðin séu skilgreind með almennum hætti í lögum og svo nánar útfærð í reglugerðum með stoð í lögnum.
- Ef tilvik myndi vera á mörkum þess að falla undir viðkvæm svið skv. 3. gr. frumvarpsins, og nánari útlistun í reglugerð, þá myndu aðilar geta leitað forálits ráðherra þar að lútandi með heimild í 9. gr. frumvarpsins. Ef upplýsingagjöf aðila sem forálit byggist á er fullnægjandi, er ljóst að með foráliti má skera úr takmarkatilvikum án þess að aðilar þurfi að leggja fram formlega tilkynningu. Aðilum verður engu að síður frjálst að leggja fram tilkynningu óháð því hvort lagaskylda sé til þess, vilji þeir fá fram afstöðu ráðherra.

Samtökin telja óljóst hvers konar gögn erlendi aðilinn þarf að láta í té í tengslum við tilkynningarskyldar ráðstafanir.

Í frumvarpinu er lagt til að nánar verði útfært í reglugerð hvers konar gögn og upplýsingar skuli fylgja tilkynningu. Þykir fara betur á því að hafa slík formsatriði í reglugerð, líkt og gert er í dönskum og norskum rétti, enda gefst þá svigrúm til útfærslu á slíkum málsmeðferðaratriðum. Þá fær ráðuneytið ekki séð að það auki skýrleika að lögbinda slík atriði þar sem reglugerð verður birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Samtökin telja óljóst hvernig ráðherra muni kanna orðspor erlenda aðilans eða reynslu af sambærilegum fjárfestingum erlendis, sbr. matsviðmið 14. gr.

Ráðuneytið bendir á, til samanburðar, að orðsporsmat er ekki nýlunda í íslenskum lögum, heldur er gert ráð fyrir slíku mati á aðila sem hyggst eignast virkan eignarhlut (10% eða meira) í fjármálafyrirtæki, sbr. matsviðmið 42. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Skal mat Fjármálaeftirlitsins (Seðlabanka Íslands) á hæfi þannig m.a. byggjast á „orðspori þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut“ og „orðspori, þekkingu, hæfni og reynslu stjórnarmanna og framkvæmdastjóra lánastofnunarinnar komi til hinna fyrirhuguðu kaupa eða aukningar virks eignarhlutar“, auk fleiri atriða sem tilgreind eru í lagaákvæðinu. Ráðuneytið fær ekki séð að mat á slíkum sjónarmiðum hafi vafist fyrir stjórnvöldum hingað til á grundvelli gildandi laga. Ráðuneytið telur því ekki ástæðu til að ætla að því verði á annan veg farið við hliðstætt mat samkvæmt 14. gr. frumvarpsins.

Samtökin benda á að í 11. gr. sé veitt afar víðtæk heimild til þess að afla frekari upplýsinga í 11. gr. laganna, en í ákvæðinu er mælt fyrir um heimild ráðherra til að krefja erlendan aðila um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við meðferð og úrlausn máls.

Ráðuneytið bendir á að ákvæðið á sér hliðstæður í erlendri rýnilöggjöf, m.a. á öðrum Norðurlöndum. Ákvæðið þykir ekki óeðlilega víðtækt. Til samanburðar má nefna 19. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 sem hefur að geyma sambærilega upplýsingaheimild. Þá telur ráðuneytið að það væri fallið til að hindra að mál upplýstist nægilega ef heimildir til upplýsingaöflunar væru þröngt afmarkaðar fyrir fram, og telur ráðuneytið rök ekki standa til slíks. Um meðferð gagna, þ.m.t. ríka þagnarskyldu, mun fara eftir 20. gr. frumvarpsins.

Samtökin telja óljóst hvernig ákvæði frumvarpsins eigi við um þjóðarsjóði, m.a. erlenda lögaðila sem eru 25% eða meira í eigu eins eða fleiri þjóðarsjóða.

Ráðuneytið bendir á, eins og samtökin nefna í umsögn sinni, að þjóðarsjóðir myndu skodast sem erlendir opinberir aðilar í skilningi frumvarpsins. Varðandi erlenda lögaðila sem eru að hluta í eigu erlendra þjóðarsjóða, þá telur ráðuneytið rökrétt að miða við 25% eða stærri hlut, þ.e. að lögaðili skoðist sem erlendir opinberaðili sé hann að 25% eða meira í eigu þjóðarsjóðs eða fleiri slíkra sjóða samanlagt. Er þá enda um að ræða umtalsverð eigna- og stjórnunartengsl milli lögaðilans og þeirra erlendu ríkja sem standa að baki viðkomandi þjóðarsjóðum. Í þessu tilliti má nefna til samanburðar að innlendir lögaðili telst erlendir aðili ef hann er 25% eða meira í eigu eins eða fleiri erlendra aðila samanlagt, sbr. skilgreiningu erlends aðila í 2. gr. frumvarpsins. Ekki þykir ástæða til að leysa úr þessu nánar í frumvarpinu, og verður ekki séð að skilgreiningar í erlendri rýnilöggjöf séu nákvæmari en frumvarpsins í þessu sambandi.

Samtökin gera athugasemd við ákvæði frumvarpsins um málsmeðferðarfresti og að frestur geti orðið allt að 100 virkir dagar sem sé langur tími.

Ráðuneytið bendir á að samkvæmt frumvarpinu verður fresturinn í mesta lagi 100 virkir dagar, ef fullnýttir eru frestir í báðum fösom málsmeðferðar (25+75). Slíkt myndi væntanlega heyra til algerra undantekninga. Hugsa mætti sér að frestur gæti farið upp í 100 virka daga ef mál væri verulega umfangsmikið, eða sérstök atriði varðandi hinn erlenda aðila (t.d. tengsl við erlend stjórnvöld eða verulegt ógagnsæi í upplýsingagjöf) kölluðu á ítarlega könnun stjórnvalda. Yfirleitt hafa málsaðilar sjálfir í hendi sér að hafa veruleg áhrif á málsmeðferðartíma með því að vanda til tilkynningar í upphafi og upplýsingagjafar undir meðferð máls.

Einnig ber að nefna að frestir samkvæmt frumvarpinu eru styttri en skv. dönskum og sænskum lögum um fjárfestingarýni. Í sænsku lögunum getur síðari fasi málsmeðferðar verið allt að sex mánuðir. Í dönsku lögunum er fyrri fasinn 33 virkir dagar og sá síðari 90 virkir dagar.

Í frumvarpinu gilda auk þess ólíkir frestir um lengri og styttri tilkynningar. Ef lengri tilkynning á við, þá er fyrri fasi allt að 25 virkir dagar. Síðari fasi, ef til hans kemur, er jafnan 50 virkir dagar en getur orðið allt að 75 virkir dagar í undantekningatilvikum (alls 100 virkir dagar). Ef styttri tilkynning á við, þá hefur ráðherra 10 virka daga til að kalla eftir lengri tilkynningu, sem oft yrði ekki gert og slíkum málum væri því lokið innan 10 virkra daga. Frestirnir eru því almennt knappir og eru m.a. styttri en samkvæmt reglum samkeppnislaga um samrunaefirlit eftir því sem best verður séð.

Samtökin gera athugasemd við afmörkun sérstakra viðskiptasamninga sem falla undir skyldurýni skv. 5. gr. frumvarpsins, þ.e. hve víðtæk hún sé.

Ráðuneytið tekur fram að skilyrði 5. gr. frumvarpsins eru sambærileg dönskum lögum um fjárfestingarýni, sbr. reglugerð nr. 1491/2021 sem sett er með stoð í þeim lögum. Samningar af þeim toga sem greinir í ákvæðinu eru þess eðlis að þeir eru til þess fallnir að koma erlendum viðsemjanda í áhrifastöðu gagnvart því fyrirtæki sem samið er við og á hagsmuni undir samningnum. Má sem dæmi nefna samning um afhendingu ómissandi aðfanga til mikilvægra innviða eða annarrar viðkvæmrar starfsemi.

Að því er varðar samstarfsverkefni um rannsóknir eða þróunarstarfsemi (svonefndir R&D samningar – e. research & development), sbr. 5. gr. frumvarpsins, þá hefur af hálfu ESB og OECD verið lögð áhersla á að gæta þess að slík samstarfsverkefni veiti ekki áhættusömum

aðilum aðstöðu, t.d. sem fjármögnunaraðila, til að hafa óeðlileg áhrif á framgang vísinda- og þróunarstarfsemi sem samstarf lýtur að. Einnig beri að gæta varkárni gagnvart því að slíkir aðilar hagnýti sér slíkt samstarf til að komast yfir þekkingu, hugverk og aðrar afurðir rannsókna þannig að skert gæti öryggishagsmuni aðildarríkjanna, sbr. einnig 6. tölul. 3. gr. frumvarpsins sem lýtur að mikilvægri tækni/djúptækni.

Ráðuneytið bendir á að lagt er til í 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins að heimilt verði að ákveða í reglugerð að umræddir samstarfs- og viðskiptasamningar skuli sjálfkrafa undanþegnin tilkynningarskyldu ef þeir eru gerðir í samræmi við staðla sem nánar greinir eða vísað er til í reglugerð. Sambærileg undanþáguheimild gildir í dönskum rétti. Með þessu móti ætti ekki að vera vandkvæðum bundið fyrir aðila að tryggja við útfærslu samstarfs- og viðskiptasamninga að þeir uppfylli kröfur reglugerðar og verði því sjálfkrafa undanþegnin gildissviði 5. gr. Sjá einnig viðbrögð við umsögn HS Orku.

Vegna tilvísunar til laga nr. 19/1966, þá verður vikið að þeim í *undirkafla g* hér að neðan.

c) Almenn atriði um mikilvægi erlendra fjárfestingar o.fl.

Ráðuneytið tekur undir sjónarmið um almennt mikilvægi erlendra fjárfestingar sem rakin eru í þessum kafla umsagnarinnar. Áréttað skal í því sambandi að fjárfestingarýni felur ekki í sér girðingar eða hömlur á erlenda fjárfestingu, heldur venjubundna (e. routine) öryggisathugun á erlendum fjárfestingum á grundvelli hlutlægra og málefnalegra viðmiðana sem snúa að þjóðaröryggi og allsherjarreglu. Ætti fjárfestingarýni að vera til þess fallin að skapa aukna tiltrú á gæðum og trúverðugleika erlendra fjárfestingar á samfélagslega mikilvægum sviðum, sem er m.a. ástæða þess að meginþorri ríkja ESB/OECD hefur sett slíka löggjöf eða hyggur á það.

Vegna tilvísunar til vísitölu OECD um takmarkanir á erlendum fjárfestingum, vísar ráðuneytið til kafla 6.3 í frumvarpsgreinargerð. Eins og þar er rakið mun setning laga um fjárfestingarýni, ef til kemur, ekki hafa áhrif til lækkunar á einkunn Íslands samkvæmt vísitölunni.

Vegna tilvísunar til takmarkana í lögum nr. 34/1991 og 19/1966 (erlend fjárfesting í fyrirtækjum og fasteignum), þá ber að geta þess að þær takmarkanir gilda ekki um fjárfesta innan EES, Sviss o.fl. Ákvæði nefndra laga eru heldur því ekki til fyrirstöðu að erlendir aðilar utan EES fjárfesti hér á landi gegnum lögleg eignarhaldsfélög á EES-svæðinu, þótt með því sé í raun farið kringum takmarkanir samkvæmt lögum nr. 34/1991 og 19/1966. Takmarkanir á erlendra fjárfestingu eru að vísu ríkari í sjávarútvegi að þessu leyti, enda taka þær bæði til aðila innan og utan EES.

Samtökin telja að takmörkuð tilraun sé gerð til að leggja mat á áhrif frumvarpsins. Ef frumvarpið verði að lögum verði viðskiptasamningar gerðir með fyrirvara um samþykki ráðherra sem leiði til aukins tilkostnaðar við skjalagerð. Einnig hafi seinkun viðskipta vegna rýni í för með sér óvissu.

Ráðuneytið vísar hér til fyrri umfjöllunar, sbr. einnig 6. kafla frumvarpsgreinargerðar. Ráðuneytið telur ljóst að rýni fjárfestingar mun geta haft í för með sér einhverja seinkun á endanlegum frágangi viðskipta, samanborið við ef engin rýni þyrfti að fara fram. Hliðstæðu máli gegnir t.d. um samrunaeftirlit samkvæmt samkeppnislögum nr. 44/2005. Lagalegar kröfur af þessum toga eru eðlilegur þáttur í frágangi viðskipta sem samningsaðilar laga sig að. Það er núna staðan í meginþorra ríkja OECD og ESB sem hafa sett löggjöf um fjárfestingarýni. Skoða verður áhrif frumvarpsins í ljósi þeirrar réttarþróunar, þ.e. að reglur um fjárfestingarýni geta nú talist vera almennu leikreglurnar sem gilda um erlenda fjárfestingu á viðkvæmum sviðum í

helstu samanburðarríkjum. Þá gæti skortur á slíkri löggjöf hér á landi allt eins haft neikvæð áhrif m.a. ásýndarlega og á öryggi, sbr. einnig fyrri umfjöllun.

d) Gildissvið lagasetningar

Í þessum kafla umsagnarinnar er vikið nánar að viðkvæmum sviðum skv. 3. gr. frumvarpsins. Meðal annars telja samtökin að afmörkun viðkvæmu sviðanna virðist ganga lengra en almennt þekkist erlendis. Ráðuneytið tekur ekki undir það og telur afmörkun viðkvæmra sviða í 3. gr. frumvarpsins mjög áþekka því sem gildir í samanburðarlöndum, t.d. Danmörku og Svíþjóð (t.d. mikilvægir innviðir, trúnaðar-/persónuupplýsinga, tiltekna náttúruauðlindir, hlutir með tvíþætt notagildi, önnur mikilvæg tækni, o.s.frv.), sbr. einnig fyrri umfjöllun. Þá er afmörkun viðkvæmra sviða sambærileg þeirri sem kemur fram í 4. gr. reglugerðar ESB 2019/452. Í 3. tölul. 3. gr. frumvarpsins er þó ákvæði sem er ekki að finna í lögum samanburðarlanda, en það lýtur að tilgreindri auðlindanýtingu í þjóðlendum. Sá töluliður tekur mið af íslenskum hagsmunum og aðstæðum, m.a. mikilvægi auðlindanýtingar fyrir efnahagslegt öryggi og orkuöryggi, og sérstöðu þjóðlendna.

Ráðuneytið telur því að afmörkun viðkvæmra sviða skv. 3. gr. frumvarpsins sé í takti við það sem almennt gengur í samanburðarlöndum, og að afmörkunin sé málefnaleg og samrýmist meðalhófi. Þá verður svigrúm til nánari afmörkunar í reglugerð sem fyrir segir.

Ráðuneytið áréttar að skilgreiningar á viðkvæmum sviðum og önnur útfærsluatriði í rýnilöggjöf eru sjaldnast nákvæmlega eins á milli ríkja, og er það í sjálfu sér ekki athugasvert þó að í rýnilöggjöf eins ríkis sé lögð áhersla á verndarhagsmuni sem gætir ekki eða síður í rýnilöggjöf annarra ríkja, enda geta öryggishagsmunir og aðstæður verið æði ólíkar. Engu að síður telur ráðuneytið sem áður segir að ákvæði frumvarpsins séu í öllum meginatriðum í samræmi við stefnur og strauma sem ráða má af rýnilöggjöf á öðrum Norðurlöndum og innan ESB og OECD, þar sem málaflokkurinn er í hraðri þróun um þessar mundir.

Samtökin benda á að óvissa um skilgreiningar geti leitt til þess „að mun fleiri erlendir aðilar sjái sig knúna til að undirgangast rýni en þörf er á“. Ráðuneytið áréttar að unnt verður skv. 9. gr. frumvarpsins að afla forálits hlutaðeigandi ráðherra á því hvort fyrirhuguð fjárfesting falli undir viðkvæm svið skv. 3. gr. Sambærilegt fyrirkomulag (e. pre-screening) gildir í dönskum rétti og víðar. Almennt má ætla að skilgreiningar í reglugerð skv. 3. gr., svo og lagaákvæðinu sjálfu, og eftir atvikum forálit ráðherra, verði nógu upplýsandi til að eyða þeim vafatilvikum sem kunna að koma upp.

Sams konar tilhögun varðandi skilgreiningu viðkvæmra sviða mun hafa heppnast vel í dönskum rétti. Til marks um það má nefna að árið 2023 voru gerðar afmarkaðar breytingar á dönskum lögum um fjárfestingarárni, en þó var þar ekki hróflað við skilgreiningu á viðkvæmum sviðum í 6. gr. laganna. Hins vegar var gildissvið laganna útvíkkað þannig að það næði til innviðauppbyggingar á svonefndum orkueyjum (energiøen i Nordsøen). Þá var með sömu lagabreytingu tekin upp tveggja fasa málsmeðferð líkt og mælt er fyrir um í frumvarpinu.

Varðandi tilvísun í mikilvæg aðföng í 2. tölul. 3. gr. frumvarpsins, þá bendir ráðuneytið á umfjöllun í frumvarpsgreinargerð um þann þátt skilgreiningar 3. gr., sbr. kafla 2.4.3.2. Ísland er talið sérstaklega viðkvæmt fyrir röskun á aðfangakeðjum, m.a. inn- og útflutningi og innlendra framleiðslu á aðföngum til matvælaframleiðslu. Verði frumvarpið að lögum verður skilgreint nánar í reglugerð hvers konar starfsemi fellur undir 2. tölul. 3. gr. Mikilvæg aðföng eru tilgreind sérstaklega í 4. gr. reglugerðar ESB 2019/452, þ.m.t. vegna fæðuöryggis („supply of critical

inputs, including energy or raw materials, as well as food security“). Hér má að auki vísa til umfjöllunar í skýrslu starfshóps um neyðarbirgðir frá 2022, sbr. og nánar umfjöllun í kafla 2.4.3.2 í frumvarpsgreinargerð.

Í umsögn samtakanna er talið að ákvæði um frumkvæðisrýni sé óþarft til viðbótar skyldurýni. Ráðuneytið getur ekki tekið undir það; erlend rýnilöggjöf er alla jafna byggð upp með þessum hætti, þ.e. annars vegar eru reglur um skyldurýni í afmörkuðum tilfellum, og hins vegar frumkvæðisrýni þar sem skyldurýni sleppir. Frumkvæðisrýni er eðlilegur varnagli en ljóst er að beita verður henni af varfærni og aðeins ef nauðsynlegt þykir m.t.t. markmiða frumvarpsins. Sjá nánar kafla 2.4.2.2 í frumvarpsgreinargerð.

Vegna tilvísunar samtakanna til einstakra töluliða 3. gr., þá telur ráðuneytið ekki ástæðu til að ætla að nánari útfærsla töluliða 3. gr. í reglugerð verði jafn rúm og talið er í umsögninni. Sjá til samanburðar reglugerð nr. 1491/2021 um útfærslu gildissviðs danskra laga um fjárfestingarýni.

Ráðuneytið tekur ekki undir að 6. tölul. 3. gr. sé of víðtækur, en þar er vísað til annars konar mikilvægrar tækni en greinir í öðrum töluliðum ákvæðisins. Töluliðurinn snýr efnislega að svonefndri djúptækni (e. critical / emerging technologies). ESB hefur fyrir sitt leyti lagt ríka áherslu á að löggjöf aðildarríkjanna um fjárfestingarýni taki til umræddrar tækni, sbr. reglugerð 2019/452. Slík tækni fellur jafnframt undir bresk, dönsk og sænsk lög um fjárfestingarýni, svo að dæmi séu tekin. Umrætt ákvæði 6. tölul. 3. gr. frumvarpsins er að öllu leyti í takti við framangreinda erlenda réttarþróun. Sjá nánar kafla 2.4.3.5 og 2.5 í frumvarpsgreinargerð.

e) Valdheimildir ráðherra

Ráðuneytið tekur undir sjónarmið í umsögninni um mikilvægi þess að valdheimildir stjórnvalda séu skýrar. Ráðuneytið frumvarpið uppfylla þær kröfur, sbr. m.a. 14. og 15. gr. Þá verður unnt að leita endurskoðunar stjórnvaldsákvæðana fyrir dómstólum í samræmi við almennar reglur, sbr. einnig 60. og 70. gr. stjórnarskrárinnar. Loks má benda á að í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að ráðherra flytji Alþingi skýrslu um framkvæmd ákvæða frumvarpsins að ákveðnum tíma liðnum frá gildistöku. Aðhald bæði löggjafans og dómstóla er því tryggt.

Vegna tilvísunar til danskra laga um fjárfestingarýni nr. 842/2021, og að þau lög gangi mjög langt, þá bendir ráðuneytið á að þau ganga í ýmsum atriðum skemur en rýnilöggjöf í öðrum samanburðarlöndum. Má t.d. benda á sænska og breska rýnilöggjöf, þar sem skyldurýni tekur bæði til innlendra og erlendra fjárfestinga, en ekki aðeins erlendra (en danska löggjöfin sem og frumvarpið gildir aðeins um erlendar). Þá geyma dönsku lögin, líkt og frumvarpið, ekki sérstakar refsheimildir ólíkt t.d. sænsku og bresku löggjöfinni.

Ráðuneytinu er ekki kunnugt um gögn sem sýna fram á að sérstök vandkvæði hafi fylgt tilkomu dönsku rýnilöggjafarinnar 2021, fyrir fjárfesta eða þarlend stjórnvöld, eða hún haft sérstök áhrif á erlenda fjárfestingu í landinu. Danmörk er í 7. sæti á heimsvísu og 4. sæti í Evrópu samkvæmt „Index of Economic Freedom“, með 77,8 stig. Þar á meðal fær Danmörk 90 stig af 100 í flokknum „Investment Freedom“. Sú stigagjöf hefur haldist óbreytt síðan 2014. Ekki verður því annað séð en að Danmörk sé enn talin meðal þeirra ríkja þar sem aðgengi fyrir fjárfesta er hvað mest samkvæmt alþjóðlegum mælingum.

f) Gagnsæi og vönduð stjórnsýsla

Ráðuneytið telur það ekki réttan skilning í umsögn samtakanna að þau efnislegu viðmið og sjónarmið sem leggja á til grundvallar við fjárfestingarýni „bíði útfærslu í reglugerðarheimild“.

Þvert á móti eru matsviðmiðin útlustuð í 14. gr. frumvarpsins. Ákvæðið er sambærilegt 15. gr. danskra laga um fjárfestingarárni. Sjá og til samanburðar sjónarmið við mat á hæfi til að eignast virkan eignarhlut í fjármálastarfsemi, sbr. 42. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Ráðuneytið tekur undir mikilvægi þess að „ferli við meðferð erlendra fjárfestinga verði byggt á lögum og vandaðri stjórnáslu og blandist ekki hinni pólitísku umræðu“. Því sé valddreifing æskileg. Ráðuneytið bendir á í því sambandi að skv. 13. gr. frumvarpsins verður skylt að afla umsagna annarra lykilráðuneyta við meðferð einstakra mála. Verður þannig um að ræða faglegt samráð við hlutaðeigandi ráðuneyti svo og önnur stjórnvöld innan viðkomandi málaflokka, sem mál varðar hverju sinni. Áréttu ber að fjárfestingarárni er að öllu leyti faglegt ferli, sem fylgir ítarlegum málsmeðferðarreglum og matsþáttum, sbr. 14. gr. frumvarpsins.

Skyldubundið samráð milli lykilráðuneyta mun einnig taka til setningar reglugerðar um afmörkun viðkvæmra sviða skv. 3. gr., sbr. 2. mgr. 23. gr. frumvarpsins, með sambærilegum hætti og gert er ráð fyrir í ákvæðum danskra laga um fjárfestingarárni. Fjölmörg ráðuneyti og stofnanir myndu koma að slíkri vinnu, enda spanna sviðin í 3. gr. málefna svið ýmissa ráðuneyta. Óháð skyldubundnu samráði samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, þá er venjubundið að drög að reglugerðum séu kynnt almenningi í samráðsgátt og fari eftir þörfum í sérstakt innra samráð milli ráðuneyta o.fl. Samráð um reglugerðardrögin yrði því að líkindum víðtækara í framkvæmd en nemur lágmarkskröfum 2. mgr. 23. gr. frumvarpsins.

Ráðuneytið telur að hlutaðeigandi ráðuneyti, sem fara mun með framkvæmd fjárfestingarárni, verði vel í stakk búið til að annast verkefnið, sbr. m.a. umfjöllun um fjárhagsráðstafanir í 6. kafla frumvarpsins. Tiltölulega knappir frestir til afgreiðslu mála samkvæmt frumvarpinu ýta enn frekar undir að mál fái vandaða og skilvirka úrlausn. Ráðuneytið telur jafnframt að með ítarlegum málsmeðferðarreglum frumvarpsins verði fyrirsjáanleiki, réttaröryggi, meðalhóf og jafnræði að fullu tryggt við meðferð einstakra mála.

g) Niðurlag

Í niðurlagi umsagnar samtakanna er bent á að þegar séu til staðar „ákveðnar girðingar“ sem standa í vegi fyrir fjárfestingum erlendra aðila og/eða varnir fyrir því að slíkar fjárfestingar skaði þjóðhagslega mikilvæga innviði. Nefnd eru sem dæmi kröfur um innlent eignarhald opinberra aðila í sérleyfisstarfsemi í raforkukerfinu þar sem slík starfsemi sé þar að auki undirorpin ströngum kröfum um tekjumörk og hvernig þessum fyrirtækjum er heimilt að fjárfesta í starfsemi sinni. Ráðuneytið vísar hér m.a. til kafla 2.7.1 í frumvarpsgreinargerð þar sem fjallað er um slíkar takmarkanir í gildandi lögum.

Ráðuneytið bendir á að takmarkanir á erlendri fjárfestingu í orkuiðnaði samkvæmt lögum nr. 34/1991 gilda ekki um aðila innan EES, Færeyja og Sviss. Þar að auki geta aðilar utan EES í raun komið sér undan umræddum takmörkunum með því að fjárfesta gegnum lögleg eignarhaldsfélög sem skrásett eru innan EES. Hefur slíkt ekki verið talið ólöglegt. Að teknu tilliti til þess telur ráðuneytið að umrædd ákvæði laga nr. 34/1991 geti vart talist fela í sér verulega hindrun á erlendri fjárfestingu í orkuiðnaði, enda sé fjárfestirinn frá EES, Færeyjum eða Sviss.

Þá bendir ráðuneytið á að ákvæði sérлага um tiltekna atvinnustarfsemi og kröfur til hennar, t.d. starfsleyfi (t.d. á sviði orku), koma ekki í staðinn fyrir löggjöf um fjárfestingarárni, sem er sjálfstætt lagalegt viðfangsefni. Má þar vísa til réttarþróunar innan OECD/ESB, þar sem fjölgað hefur hratt í þeim hópi ríkja sem sett hafa sérstök heildarlög um rýni fjárfestinga þvert á atvinnugreinir og samfélagssvið (e. „cross-sectoral“, frekar en „sector-specific“), sbr. m.a. kafla

2.2.2 í greinargerð frumvarpsins. Eðlilegt er að reglur um fjárfestingarýni séu útfærðar með heildstæðum og samræmdum hætti í sérstökum lögum.

Varðandi tilvísun samtakanna til laga nr. 19/1966 um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, sbr. niðurlag umsagnarinnar, þá athugast að EES-aðilar eru undanþegnir takmörkunum þeirra laga, þ.m.t. erlendir opinberir aðilar innan EES, sbr. 2. tölul. 7. mgr. 1. gr. Hin almenna takmörkun laga nr. 19/1966 vegna fasteignakaupa erlendra opinberra aðila, sbr. 5. mgr. 1. gr. laganna, gildir því *ekki* um erlenda opinbera aðila *innan* EES. Ákvæði frumvarpsins hafa þannig sjálfstæða þýðingu þegar slíkir aðilar eiga í hlut (innan EES), hvað sem líður hindrun laga nr. 19/1966 vegna erlendra opinberra aðila utan EES.²

Þá verður að hafa í huga að erlendir opinberir aðilar utan EES virðast geta komið sér hjá takmörkunum laga nr. 19/1966 með því að fjárfesta gegnum lögleg eignarhaldsfélög innan EES. Slíkar fjárfestingar erlendra opinberra aðila utan EES, gegnum milliliði innan EES, myndu eftir sem áður geta fallið undir gildissvið frumvarpsins. Það er því ekki svo að 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins sé þýðingarlaus vegna 5. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1966.³

Ráðuneytið telur ekki ástæðu til að ætla að fjárfestingarýni jafngildi því að viðskipti séu „tortryggð“ af stjórnvöldum. Þvert á móti er um að ræða eðlilega og venjubundna (e. routine) öryggisathugun á grundvelli almennra reglna í lögum. Þá lýtur rýni alla jafna að fjárfestingum sem falla undir fyrirfram skilgreind viðmið (viðkvæm svið). Því er almennt ekki um það að ræða að einstakar fjárfestingar séu „valdar út“ eftir huglægu mati, ólíkt því sem á við um gildandi öryggisákvæði 12. gr. laga nr. 34/1991, sem er matskennd og opin frumkvæðisheimild. Því er ekki ástæða til að telja rýni fjárfestingar, sem byggist á almennum reglum og tekur jafnt til allra sem eins er ástatt um, geti verið til marks um tortryggni í garð einstakra fjárfestinga eða fjárfesta. Skyldurýnin stuðlar þvert á móti að jafnræði og fyrirsjáanleika um hvaða fjárfestingar falla undir þessar reglur. Ætla verður að fjárfestar hafi skilning á slíku fyrirkomulagi, enda má telja að það endurspeglar þær almennu leikreglur sem hafa í vaxandi mæli rutt sér til rúms innan þorra ESB- og OCED-ríkja á undanförunum árum.

Þá telur ráðuneytið ekki ástæðu til að ætla að fjárfestingarýni geri það að verkum að erlendir aðilar veigri sér við þátttöku í íslensku atvinnulífi. Benda gögn frá ESB og OECD ekki til þess að fjárfestingarýni hafi sem slík letjandi áhrif á erlenda fjárfestingu heilt yfir. Ráðuneytið hefur hins vegar skilning á sjónarmiðum um mikilvægi þess að gæta hófs og skilvirkni þegar kemur að útfærslu reglna um fjárfestingarýni og framkvæmd slíkrar rýni, og telur ráðuneytið að ákvæði frumvarpsins endurspeglar þau sjónarmið vel, sbr. þær veigamiklu breytingar sem frumvarpið hefur gengið í gegnum m.a. vegna sjónarmiða hagaðila á fyrri stigum.

2. Umsögn Bændasamtaka Íslands

Bændasamtökin fjalla um viðmið um landstærð í 3. tölul. 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins, nánar tiltekið hve stórt landsvæði erlendir aðilar þurfa að njóta eignarráða yfir til að tilkynningar-

² Sjá m.a. breytingatillögu á þskj. 1936 – 715 mál, á 150. löggjafarþingi (frumvarp sem varð að lögum nr. 85/2020 sem breyttu m.a. lögum nr. 19/1966).

³ Sjá m.a. ummæli í álit meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar vegna frumvarps sem varð að lögum nr. 74/2022, þskj. 1269 – 416. mál, á 152. löggjafarþingi 2021-2022: „Nefndin telur að í því frumvarpi [að lögum um rýni fjárfestinga erlendra aðila ...] þurfi að huga að þeim úrræðum og þeim álitaefnum sem vaknað hafa við umfjöllun nefndarinnar, m.a. þeirri óæskilegu stöðu að erlendum aðilum utan EES-svæðisins sé unnt að fara kringum skilyrði laga nr. 19/1966 gegnum milliliði á EES-svæðinu, þar á meðal varðandi fjárfestingu erlendra opinberra aðila í 5. mgr. 1. gr. laganna.“

skylda verði virk samkvæmt ákvæðinu (skyldurýni). Telja samtökin að mörkin ættu að vera lægri en 10.000 hektarar, sem nú er byggt á í ákvæðinu.

Ráðuneytið tekur fram að í upphaflegum drögum að frumvarpinu var miðað við 15.000 hektara í ákvæðinu, en þau mörk voru síðan lækkuð í 10.000 hektara. Tók sú breyting m.a. mið af athugasemdum samtakanna í umsögn sem þau lögðu fram í fyrra samráðsferli. Vegna meðalhófs telur ráðuneytið að svo komnu máli ekki ástæðu til að hafa stærðarmörkin lægri en orðið er. Þá er með þessu höfð hliðsjón af 10. mgr. 10. gr. a jarðalaga nr. 81/2004 þar sem einnig er miðað við 10.000 hektara.

Ráðuneytið tekur annars undir almenn sjónarmið í umsögn samtakanna um mikilvægi landbúnaðarlands og ræktanlegs lands m.a. fyrir fæðu- og matvælaöryggi. Ráðuneytið bendir á að um stýringu og skipan landnýtingar almennt fer eftir ákvæðum ýmissa sérlaga, þ.m.t. jarða- og skipulagslöggjafar, sem falla utan kjarnaviðfangsefnis frumvarpsins.

3. Umsögn HS Orku

HS Orka vísar til 3. tölul. 3. gr. frumvarpsins, sem tilgreinir meðal viðkvæmra sviða nýtingu vatnsorku, jarðvarma, vindorku, náma og annarra jarðefna í þjóðlendum. Eðlilegra og skilvirkara er að mati fyrirtækisins að rýni á ráðstöfun fari fram samhliða gerð nýtingarsamninga. Ráðuneytið telur ákvæði frumvarpsins ekki standa í vegi fyrir því að rýni slíkrar ráðstöfunar, ef erlendur aðili á í hlut, eigi sér stað samhliða málsmeðferð í forsætisráðuneytinu vegna gerðar nýtingarsamnings (útgáfu nýtingarleyfis) vegna nýtingar náttúruauðlinda í þjóðlendu. Einfalt er að tryggja skilvirkni og samhæfingu milli viðkomandi ráðuneyta í tilvikum sem þessum. Bent skal á að í frumvarpinu eru lagaheimildir fyrir samráði og upplýsingaskiptum milli stjórnvalda vegna framkvæmdar ákvæða frumvarpsins, sbr. 13. og 20. gr.

HS Orka gerir athugasemd við 5. gr. frumvarpsins, þar sem gert er ráð fyrir skyldurýni á sérstökum viðskiptasamningum sem uppfylla skilyrði ákvæðisins. Ákvæðið gildir þegar erlendur aðili gerir slíkan samning við innlendan rekstraraðila sem hefur með höndum starfsemi skv. 1.-3. tölul. 3. gr. frumvarpsins (mikilvægir innviðir, aðföng o.fl.). HS Orka telur ákvæðið of víðtækt í ljósi tilgangs þess. Meðal annars telur HS Orka að samstarfsverkefni um rannsóknir og þróunarstarfsemi (e. research and development), þ.e. samningar þar að lútandi, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 5. gr. (a-liður), ættu ekki að vera háðir rýni nema viðkomandi verkefni tengist „kjarnastarfsemi“ innlands rekstraraðila. Þá telur HS Orka það ganga of langt að birgja- eða þjónustusamningar o.fl. geti verið háðir rýni við það eitt að þeir séu lengri en til 24 mánaða eða með 12 mánaða uppsagnarfrest, sbr. einnig fyrrnefndan 3. tölul. (b- og c- liðir). Ráðuneytið tekur ekki undir með HS Orku að ákvæðið gangi of langt, heldur telur ráðuneytið að skilyrðum ákvæðisins sé í hof stillt, en þau sækja fyrirmynd sína í danskan rétt. Ráðuneytið áréttar jafnframt að í 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins er lagt til að heimilt verði að ákveða í reglugerð að umræddir samstarfs- og viðskiptasamningar skuli sjálfkrafa undanþegnir tilkynningarskyldu ef þeir verða gerðir í samræmi við staðla sem nánar greinir eða vísað er til í reglugerð. Sjá einnig umfjöllun um sama ákvæði frumvarpsins í viðbrögðum við umsögn Samtaka atvinnulífsins o.fl.

Hvað varðar málsmeðferðarfresti í frumvarpinu, þá eru þeir sambærilegir og í löggjöf annarra ríkja. Ráðuneytið telur að þorri mála muni, að öllu eðlilegu, ljúka í fyrri fasa málsmeðferðar eða innan 25 virkra daga. Það verða eingöngu viðameiri og flóknari mál sem munu halda áfram í síðari fasa. Framangreint á við um tilvik sem tilkynnt eru með lengri tilkynningu. Í tilvikum þar sem *styttri* tilkynning á við er fresturinn 10 virkir dagar og verður mörgum málum því

endanlega lokið innan þess frests. Ekki er um að ræða óeðlilega langan málsmeðferðartíma miðað við tímalengd málsmeðferðar á öðrum réttarsviðum, t.d. samrunamálum. Um fresti, matsviðmið, og önnur málsmeðferðaratriði sem HS Orka nefnir, má einnig vísa til umfjöllunar um sömu atriði í viðbrögðum við umsögn Samtaka atvinnulífsins o.fl.

Ráðuneytið áréttar að heimild ráðherra til afturköllunar fyrri ákvörðunar er bundin ákveðnum skilyrðum, sbr. 16. gr. frumvarpsins, og er því ekki um opna heimild að ræða eins og gefið er í skyn í umsögn HS Orku. Við beitingu heimildarinnar er ráðherra auk þess bundinn af reglum stjórnsluréttar, þ.m.t. meðalhófsreglu. Þá er ráðuneytið ósammála því að undantekning frá tilkynningarskyldu sé ekki útfærð í frumvarpinu, enda er hún útfærð m.a. í 4. mgr. 4. gr. Loks er áréttað að 5. gr. er bundin tiltölulega þröngum skilyrðum, þ.e. ákvæðið nær einungis til viðskiptasamninga o.fl. sem eru útfærðir með ákveðnum hætti, þannig að þeir teljist veita erlendum viðsemjanda áhrifavald eða itök í starfsemi hins innlenda rekstraraðila.

4. Umsögn Landverndar

Landvernd bendir á mikilvægi þess að vernda náttúruauðlindir og sjá til þess að notkun þeirra, sem oft orsaki rask á þeim, sé í almannafágu. Ráðuneytið bendir á að frumvarpinu er aðeins ætlað að taka til ákveðinnar auðlindanýtingar í þjóðlendum, sbr. 3. tölul. 3. gr. og fyrri umfjöllun um það ákvæði. Þá bendir ráðuneytið á að það er viðfangsefni ýmissar annarrar löggjafar, m.a. á sviði umhverfis- og náttúruverndar, að tryggja að nýtingu lands og auðlinda sé hagað þannig að valdi ekki spjöllum á náttúru landsins. Þeir verndarhagsmunir, þótt mikilvægir séu, falla utan frumvarpsins sem lýtur að vernd þjóðaröryggis og allsherjarreglu.

5. Umsögn Seðlabanka Íslands

Ráðuneytið tekur undir tillögu SÍ um að til greina komi að við 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins bætist nýr málslíður, sem gæti verið svohljóðandi: „*Lög þessi gilda ekki um ráðstafanir og ákvarðanir ráðherra samkvæmt lögum nr. 70/2020 um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja*“. Með þessu verði undanskilin frumvarpinu þau tilvik þar sem hlutaðeigandi ráðherra tekur ákvörðun vegna skilameðferðar samkvæmt nefndum lögum, sbr. 5. gr. laganna. Tillaga ráðuneytisins að nýjum málslíð er samhljóða tillögu í umsögn SÍ fyrir utan að í tillögu ráðuneytisins er bætt við orðinu „ráðherra“ sem er í samræmi við rökstuðning SÍ í umsögninni.

Ráðuneytið telur lagaskil frumvarpsins ekki vera óskýr gagnvart reglum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, er varða samþykki SÍ á kaupum aðila á virkum eignarhlut í fjármálafyrirtæki. Ef sama ráðstöfunin félli bæði undir ákvæði frumvarpsins og ákvæði laga nr. 161/2002 yrði hún metin í aðskildum málum á grundvelli hvorra laga um sig og af sitt hvoru stjórnvaldinu (SÍ og ráðherra). Telur ráðuneytið ekki rök standa til annarrar tilhögunar, enda stefnir málsmeðferð samkvæmt frumvarpinu annars vegar og lögum nr. 161/2002 hins vegar að ólíkum markmiðum, þó að matsviðmið séu að einhverju leyti áþekk, sbr. 14. gr. frumvarpsins og 42. gr. a laganna.

Við meðferð máls, sem félli bæði undir ákvæði frumvarpsins og ákvæði laga nr. 161/2002, gætu stjórnvöldin átt með sér samstarf og skipst á upplýsingum eftir þörfum á grundvelli ákvæða frumvarpsins, sbr. 13., 19. og 20. gr. Slík samvinna og samhæfing milli stjórnvalda, þegar eitt og sama viðfangsefnið fellur undir verksvið fleiri en eins stjórnvalds, er ekki ný af nálinni, og getur komið til í ýmsu samhengi á grundvelli gildandi laga, t.d. þegar samrunamál sem lýtur ákvæðum samkeppnislaga fellur einnig undir reglur laga nr. 161/2002 um virka eignarhluti, sbr.

einnig öryggisákvæði 12. gr. laga nr. 34/1991. Að mati ráðuneytisins stuðlar slík samvinna milli stjórnvalda að vandaðri og skilvirkri málsmeðferð og afgreiðslu.

Niðurlag

Forsætisráðuneytið bindur vonir við að ofangreindar upplýsingar varpi ljósi á atriði sem nefnd eru í umsögnum um frumvarpið. Einnig má nefna að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að stjórnvöld taki saman kynningar- og fræðsluefni um fjárfestingarýni í aðdraganda gildistöku frumvarpsins verði það að lögum.

Ráðuneytið telur að frumvarpið uppfylli kröfur um skýrleika og meðalhóf og sé í öllum megin-dráttum í samræmi við rýnilöggjöf í helstu samanburðarlöndum bæði hvað efni og uppbyggingu varðar. Fær það m.a. stoð í orðum sérfræðinga OECD sem kynntu sér drög að frumvarpinu á fyrri stigum, sem og samanburði við erlenda rýnilöggjöf í frumvarpsgreinargerð. Þá áréttast að dregið hefur verið töluvert úr gildissviði frumvarpsins síðan drög að því voru upphaflega kynnt í samráðsgátt, sbr. 5. kafla greinargerðar. Jafnframt hefur málsmeðferð verið einfölduð og frestir styttnir talsvert. Með því hefur verið tekið ríkt tillit til allra sjónarmiða hagaðila í umfangsmiklu samráði um málið sem nær aftur til 2022.